

1868.

15. ágúst.

kringum Reykjavíkur kaupstað, sem eru álitnir eign kaupstaðarins, hafa á opinberu uppboðsþingi verið seldir til erfðafestu fyrir árlegt afgjald, eins og nú skal greina:

- | | |
|--|------------|
| 1) parturinn nr. 2 af Hlíðarhúsatúni fyrir | 116 álnir. |
| 2) — - 3 - — | 119 — |
| 3) Ullarstofutún | 101 — |
| 4) Hólakots- eða Biskupsstofutún | 72 — |
| 5) Melshúsatún (Melkotstún) | 104 — |
| 6) sefsítak í tjarnarenda | 25 — |

Sökum þess að vafi hefir leikið á, hvort tún þau, sem til færð eru með staflid 3—5, væru eign Reykjavíkur bæjarfélags eða ríkissjóðsins, hefir dómsmálastjórnin skrifast á við fjárstjórnina um málið og borið það síðan upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknast samkvæmt tillögum dómsmálastjórnarinnar 3. þ. m. allramildilegast að fallast á, að sleppa megi Reykjavíkur bæjarfélagi í hag öllu því tilkalli, er ríkissjóðurinn kann að hafa til þessara þriggja túnbletta. Þareð nú enginn vafi um eignarréttinn til túnanna getur lengur verið því til fyrirstöðu, að þau séu seld kaupstaðnum í hag, og dómsmálastjórnin ekki að öðru leyti hefir neitt að mæla móti sölunni á ofan nefndum túnblettum, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að stjórnarráðið veitir hér með samþykki það, sem um er beðið.

15. ágúst. 48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um að prentsmiðjunni á Akureyri skuli heimilt að prenta bækur þær, er Hólaprentsmiðja hin forna hafði prentrétt til.

Til síðasta alþingis hafði komið bænarskrá nokkur um, að prentsmiðju norður- og austurumdæmisins yrði veitt jöfn prentunarheimild við stiptysprentsmiðjuna að bókum þeim, sem Hólaprentsmiðja hin forna átti prentunarheimild á, og var bænarskránni vísað forseta-veginum með meðmælingu þingsins til yðar,

1868.

15. ágúst.

herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra. Útaf þessu hafið þér í bréfi dagsettu 2. desembermán. f. á. látið í ljósi álit yðar um, hvort að stiptsprentsmiðjan yfir höfuð að tala hafi nokkur einkaréttindi til að prenta bækur þær, sem hér ræðir um, og sè svo, þá til hverra bóka einkaréttindin nái, og hafið þér skýrt frá, að nú sem stendur sè það að eins 5 bækur alls, það er að segja: Handbók presta, Hallgrímskverið, Passíusálmannir, Fæðingarsálmannir og Sturms hugvekjur, sem að stiptsprentsmiðjan gefur út á sinn kostnað af bókum þeim, sem áður fyrri voru prentaðar á Hólum, og að ágóði sá, sem stiptsprentsmiðjan hefir af að gefa út bækur þessar, verði ekki metinn meira en 45 til 50 rd. á ári. Hafið þér því mælt fram með, að bænarskránni verði veitt áheyrn.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnarráðið fellst hér með á, að prentsmiðja norður- og austurumdæmisins skuli hafa jafnrætti við stiptsprentsmiðjuna til að prenta bækur þær, sem Hólaprentsmiðja hin forna hafði prentunarheimild á.

49. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til cand. mag. Benidikts Gröndals, um styrk til að semja kennslubók í landaskipunarfræði.

21. ágúst.

Útaf bænarskrá yðar dagsettri 25. f. m. hefir stjórnarráðið veitt yður fyrst um sinn 100 ríkisdala styrk til þess að semja kennslubók á íslenzku í landaskipunarfræði, er notuð yrði við kennsluna í latínuskólanum í Reykjavík, og væri sérílaga sniðin eptir kennslubókum Ingerslevs í landafræði. Undir eins og þér sendið stjórnarráðinu svo mikið af handritinu, að það nemi 6 eða 7 prentuðum örkum, þá mun skólameistara Reykjavíkurskóla verða sent það, til þess að hann segi álit sitt um það, og ef að hann leggur þann dóm á handritið, að það verði notað sem kennslubók í skólanum, getið þér búizt við að fá frekari styrk til þess að halda handritinu áfram, en þó má styrkurinn ekki